

Minnisblað - 1911028

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Starfshópur um íþróttamannvirki í Búðardal

Efni: *Undirbúningur íþróttamannvirkja í Búðardal, hugmyndavinna arkitekta*

Dags.: 13.10.2021

Forval vegna alútboðs íþróttamannvirkja í Búðardal var auglýst 24. september í Fréttablaðinu, heimasíður sveitarfélagsins og vef fyrir opinber útboð, <http://utbodsvefur.is/>.

Áhugi á gögnum var nokkur og voru alls 14 aðilar sem óskuðu eftir og fengu send forvalsgögnin frá því gögnin voru auglýst þangað til nokkrum dögum fyrir skilafrest. Tvær fyrirspurnir bárust sem var svarað fyrir tilskilinn frest. Sneru þær að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í verkefnið, þóknun fyrir alútboð, stigagjöf forvals og tímaáætlun útboðsferils.

Frestur til að skila inn forvals-umsóknum var kl. 16 þriðjudaginn 12. október.

Aðeins bárust umsóknir frá tveimur aðilum, sem Verkís á eftir að yfirfara og meta:

- Eiríkur Ingólfsson ehf.
- JSC Genkonta, Litháen

Samkvæmt lögum um opinber innkaup nægir ekki sá fjöldi til að hægt sé að fara áfram í lokað alútboð á grundvelli forvals eins og til stóð. Til þess hefði þurft að minnsta kosti 4-5 aðila með hæfar umsóknir samkvæmt stigamati Verkís.

Unnið er að því að hafa samband við áhugasama aðila (þá sem báðu um gögn) og kanna af hverju þeir hafi ekki skilað inn umsókn. Sú upplýsingaöflun er í samræmi við ráðgjöf Verkís og ætlað að varpa ljósi á hvort og þá hvaða forsendur í útboðsferlinu eða verkefninu gætu hafa valdið því að ekki hafi komið umsókn frá þeim aðilum.

Þegar niðurstaða úr þeirri könnun liggur fyrir þarf að skoða hvort gera þurfi breytingar á forsendum verkefnis og/eða útboðsferlinu. Hægt er að fara með verkefnið í opið alútboð þrátt fyrir niðurstöðu forvalsins. Þá gætu allir tekið þátt hvort sem þeir tóku þátt í forvalinu eða ekki. Undangengið forval og upplýsingaöflun mun þá nýtast til að aðlaga verkefnið og alútboðið þannig að fleiri muni sýna því áhuga.

Lagt er til að áfram verði unnið að forhönnun sem er skammt á veg komin og enn á þeim stað að hún nýtist óháð fyrirkomulag útboðsferlis. Starfshópurinn og starfsmenn hans munu fram að næsta sveitarstjórnarfundi afla frekari upplýsinga og koma þá með tillögu að næstu skrefum. Eitt af því sem taka þarf til skoðunar er að skipa byggingarnefnd og setja henni erindisbréf.

Ofangreint minnisblað var samþykkt á fundi undirbúningshóp vegna byggingar íþróttamannvirkja sem haldinn var kl. 17:20 til 17:50 13.10.2021.